

Föstudaginn 27. september 1946.

Kærumálið nr. 11/1946. H/f Foss

gegn

Sigfúsi Baldvinssyni og Hirti Lárussyni.

Setudómari próf. Ísleifur Árnason  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um málskostnað.

### Dómur hæstaréttar.

Með kæru, dags. 14. júní 1946, sem hingað barst 24. s. m., hefur kærandi skotið til hæstaréttar samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 málskostnaðarákvæði í dómi sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar frá 11. júní þ. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst hann þess, að téð ákvæði verði fellt úr gildi og að varnaraðiljar verði dæmdir til að greiða honum málskostnað í undirrétti í greindu máli að mati hæstaréttar. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðiljar hafa ekki sent hæstarétti greinargerð um málið.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta hið kærða málskostnaðarákvæði.

Kærumálskostnaður í hæstarétti fellur niður.

### Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms í málinu Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson gegn H/f Fossi á að vera óraskað.

Kærumálskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 11. júní 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 11. júní, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni sem sjódomsformanni og meðdómendum Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni skipstjóra, uppkveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 24. maí s. l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi með stefnu, útgefinni 23. marz 1945, af Sigfúsi Baldvinssyni og Hirti Lárussyni, útgerðarmönnum á Akureyri, gegn stjórn H/f Foss í Hafnarfirði, þeim Jóni B. Eliassyni skipstjóra, Ólafi Einarssyni framkvæmdastjóra og Guðmundi Erlendssyni verkstjóra, til greiðslu á skaðabótum, að upphæð kr. 83462.30, eða til vara annarri hæfilegri upphæð að mati dómsins auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Í flutningi málsins varð að samkomulagi milli umboðsmanna aðilja og samþykkt af dómurinum, að máflutningi yrði skipt þannig í tvennt, að málið yrði fyrst flutt um skaðabótaskylduna eina, og liggur það því fyrir til úrlausnar nú.

Umboðsmaður stefnda hefur krafizt þess, að félagið yrði algerlega sýknað. Í fyrsta lagi byggir hann kröfu sína um sýknu á því, að um aðildarskort sé að ræða, því stefnendur eigi enga kröfu á hendur umbjóðanda sínum, þar sem þeir hafi engin viðskipti átt við hann um kaup á vél þeirri, sem um ræðir í málinu. Í öðru lagi mótmælir hann, að stefndi sé skaðabótaskyldur yfirleitt í sambandi við sölu eða vegna sölu á vél þeirri, er hér um ræðir. Í þriðja lagi mótmælir hann skaðabótaskyldunni einnig á þeim grundvelli, að þó hún kynni að hafa verið fyrir hendi, þá hafi réttthafi hennar glatað skaðabótaréttinum gagnvart stefnda vegna ófullnægjandi tilkynningar.

Þá hefur hann og krafizt umbjóðanda sínum tildæmdan hæfilegan málskostnað úr hendi stefnenda.

Stefnendurnir skýra svo frá, að veturinn 1944 hefðu þeir keypt 280 ha diselmótor frá H/f Fossi í Hafnarfirði fyrir milligöngu Vélasölunnar h/f. í Reykjavík, og var söluverð 126 þúsund krónur. Þegar farið var að setja vélina í skip þeirra m/s Rúnu, hefði komið í ljós, að „gírin“ vantaði frá vélinni. Gírin var svo sendur seinna, en þá hefði hann reynzt svo skemmdur, að skipaefirlitið hefði dæmt hann ónothæfan, og þó reynt hefði verið að gera við hann, hefði sú viðgerð aðeins dugað til bráðabrigða. Þá hefðu einnig vantað keðjur frá vélinni, sem hefði orsakað margra daga töf. Þetta hvort tveggja, sérstaklega þó bilanir á gírnum, hefði haft í för með sér miklar tafir og bakað útgerðinni gífurlegt tjón bæði vegna viðgerða og rekstrartafa, og reikna þeir sér, að það nemi hinni umstefndu upphæð, er þeir telji H/f Foss ábyrgt fyrir bæði gagnvart stefnendum eða eftir atvikum gagnvart Vélasölunni h/f, en rétt hennar gagnvart h/f Fossi hafa þeir fengið sér framseldan.

Í aðiljaskýrslu Þorgils G. Einarssonar (rskj. 6), sem er framkvæmdarstjóri stefnds félags frá stofnun þess í marz 1940 og til þessa dags, segir hann frá atvikum að sölu umræddrar vélar. Eftir nokkrar viðræður milli hans og Sæmundar Stefánssonar, for-

stjóra Vélasölnunnar h/f, hafi kaupin verið afráðin um miðjan sept. 1943 á þann veg, að h/f Foss seldi Sæmundi E. Stefánssyni f. h. S. Stefánssonar & Co. h/f umrædda Liztervél fyrir kr. 115000.00 og kr. 1000.00 fyrir að skila henni á afhendingarstað.

Samkvæmt þessu og öðrum upplýsingum, sem fram komnar eru um það atriði í þessu máli (sbr. rjsh. 9), virðist nægilega sannað, að stefndi hafi selt umrædda vél Sæmundi Stefánssyni f. h. S. Stefánsson & Co h/f, en hvorki stefnendum máls þessa né Vélasölnni h/f. Það getur ekki skipt neinu máli hér, þó eigendur kunni að vera hinir sömu að S. Stefánsson & Co og Vélasölnni h/f, þar sem hér er um að ræða tvö sjálfstæð hlutafélög.

Verður því að fallast á þá röksemdafærslu stefnda, að stefnendur bresti aðild til höfðunar máls þessa, og því ber að sýkna stefnda af kröfum stefnendanna vegna aðildarskorts.

Það þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stjórn h/f Foss skal vera sýkn af kröfum stefnendanna, Sigfúsar Baldvinssonar og Hjartar Lárussonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 30. september 1946.

Nr. 47/1946. Ragnheiður Guðmundsdóttir

gegn

Sigfúsi Sighvatssyni.

Setudómari próf. Ísleifur Árnason  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um öflun skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að afla skýrslna um þau atriði, er nú skal greina.

Rétt er, að Aðalsteinn Guðmundsson lögfræðingur, sem gætti hagsmuna áfrýjanda gagnvart stefnda, sé látinn gefa skýrslu um málið fyrir dómi. Sérstaklega skal hann spurður um það, hvort hann hafi tekið við leigugreiðslum hjá